



Reykjavík 10. júlí 2024

Niðurstöður könnunar- og matsferlis hjá Landsbankanum hf.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands leggur mat á áhættuþætti í starfsemi fjármálafyrirtækja í könnunar- og matsferli (e. Supervisory Review and Evaluation Process, SREP) og með hvaða hætti fjármálafyrirtæki meðhöndlar þá í starfseminni, sbr. lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Hjá þeim fjármálafyrirtækjum sem metin eru kerfislega mikilvæg fer slíkt mat fram árlega.

Í ferlinu er meðal annars lagt mat á viðskiptaáætlun, stjórnarhætti og innra eftirlit, útlána- og samþjöppunaráhættu, markaðsáhættu, rekstraráhættu, lausafjár- og fjármögnunaráhættu og álagspróf. Við mat á þessum áhættuþáttum er stuðst við [Almenn viðmið og aðferðafræði vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum \(SREP\)](#) sem byggja á viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um sama efni. Jafnframt er höfð hliðsjón af ýmsum öðrum viðmiðunarreglum.

Könnunar- og matsferlið leiðir til niðurstöðu um það að hve miklu leyti þær ráðstafanir sem hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki hefur gripið til vegna áhættuþátta séu nægjanlegar, hvort stjórnun þess sé traust og hvort eiginfjárgrunnur sé fullnægjandi með hliðsjón af þeim áhættuþáttum sem felast í starfseminni. Á grundvelli könnunar- og matsferlisins hefur fjármálaeftirlitið meðal annars heimild til að mæla fyrir um hærra eiginfjárhlutfall en sem nemur hinu 8% lögbundna lágmarki, endurbætur á innri ferlum, niðurfærslu á eignum við útreikning á eiginfjárgrunni, hömlur eða takmörkun á starfsemi hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis og að dregið sé úr áhættu sem starfsemi þess felur í sér. Þá getur fjármálaeftirlitið komið ýmsum athugasemdum og ábendingum á framfæri í ferlinu.

Landsbankinn hf. skilaði fjármálaeftirlitinu mati sínu á eiginfjárpörf, miðað við 31. desember 2023, með svokallaðri ICAAP-/LAAP-skýrslu í mars 2024. Í kjölfar móttöku skýrslunnar hófst fjármálaeftirlitið handa við að kanna efni hennar og greina upplýsingar sem þar komu fram og afla frekari upplýsinga auk þess sem byrjað var að leggja mat á helstu áhættuþætti í starfsemi bankans. Fjármálaeftirlitið sendi bankanum drög að niðurstöðum könnunar- og matsferlisins í byrjun júní 2024 og fékk bankinn tækifæri til að koma á framfæri andmælum, sbr. IV. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Andmæli bankans bárust síðar sama mánaðar. Fjármálaeftirlitið hefur nú lokið þeim þætti könnunar- og matsferlisins sem snýr að mati á eiginfjárpörf og sendi Landsbankanum hf. bréf um niðurstöðuna 28. júní 2024.

Viðbótarkrafa um eiginfjárgrunn Landsbankans hf.

Niðurstaðan var að Landsbankinn hf. skyldi frá og með 30. júní 2024 viðhalda viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn sem nemur 2,5% af áhættugrunni (stoð II-R). Viðbótarkrafan kemur til vegna útlána-, mótaðila- og samþjöppunaráhættu, markaðs- og fastvaxtaáhættu og annarrar áhættu sem ekki var nægjanlega tekið tillit til við útreikning á grunnkröfu um eiginfjárgrunn (stoð I). Viðbótarkrafan skiptist þannig að almennt eigið fé þáttar 1 skal nema að lágmarki 1,4% af áhættugrunni og eiginfjárpáttur 1 í heild skal nema að lágmarki 1,9% af áhættugrunni.

Viðbótareiginfjárfrafan kemur til viðbótar grunnkröfu um eiginfjárgrunn og samanlagðri kröfu um eiginfjárauka:

- Grunnkrafa um eiginfjárgrunn (stoð I) nemur 8% af áhættugrunni. Af kröfunni skal almennt eigið fé þáttar 1 nema að lágmarki 4,5% af áhættugrunni og eiginfjárpáttur 1 í heild skal nema að lágmarki 6% af áhættugrunni.
- Samanlögð krafa um eiginfjárauka nemur 9,9% af áhættugrunni, miðað við hækun sveiflujöfnunarauka í mars 2024, og skal henni vera að fullu mætt með almennu eigin fé þáttar 1. Samanlögð krafa um eiginfjárauka tekur mið af samsetningu innlendra og erlendra áhættuveginna eigna, sem er ólík á milli banka.

Heildarkrafa um eiginfjárgrunn Landsbankans hf., á samstæðugrunni, nemur því 20,4% af áhættugrunni og samanstendur af grunnkröfu um eiginfjárgrunn, viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn og samanlagðri kröfu um eiginfjárauka.

Athugasemdir og úrbótakröfur

Fjármálaeftirlitið kom eftirfarandi athugasemdum á framfæri við Landsbankann hf. í könnunar- og matsferlinu og fór fram á viðeigandi úrbætur, sbr. b-lið 4. mgr. 86. gr. g laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki:

- Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að vegna markverðrar aukningar á útlánaáhættu væru ákveðin útlán bankans ekki flokkuð í rétt áhættustig sbr. 1. mgr. 77. gr. a og 78 gr. a laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og viðmiðunarreglna evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um framkvæmd áhættustýringar vegna útlánaáhættu og reikningsskil fyrir vænt tap af útlánastarfsemi (EBA/GL/2017/06).
- Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við framkvæmd álagsprófa sem Landsbankinn hf. birtir í innramatsskýrslu (ICAAP/ILAAP) sinni þar sem þau uppfylla ekki þær kröfur sem gerðar eru til slíkra prófa, sbr. 2. mgr. 77. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, viðmiðunarreglur EBA um álagspróf fjármálafyrirtækja (EBA/GL/2018/04) og leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2015 um bestu framkvæmd við gerð og form álagsprófa fjármálafyrirtækja.